

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 07
Dags.: 08.04.2010
Höfundur: GLÁ
Samþykkt: HJS
Síða 1 af 3

## Verkmenntaskólinn á Akureyri

### Uppeldisfræði 203 (UPP203) Kennsluáætlun (Haustönn 2010)



Kennari	Valgerður Dögg Jónsdóttir	Sk.st.	VAL
---------	---------------------------	--------	-----

#### Áfangalýsing:

Nemendur kynna sér áhrifaþætti í uppeldi barna, s. s. listir, barnaheimspeki, fjölmiðla, íþróttir o. fl. Einnig áhrif ólíkra þroskahamlanna, áfalla og kvíðavalda í lífi barna t. d. langvarandi veikindi, sorgarferli, vanrækslu og ofbeldi. Lagalegan rétt barna og hverjum beri að gæta réttinda þeirra og þær stofnanir samfélagsins sem koma að uppeldi þeirra. Nemendur kynna sér markmið uppeldis á Íslandi og skipulagðar leiðir sem farnar eru að bessum markmiðum. Skoðuð eru markmið leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eins og þau koma fram í opinberum gögnum. Nemendur skoða hugmyndafræði, markmiðssetningu og skipulag valinna uppeldis- og/eða menntunarstofnana.

Nemendur kanna merkingu hugtaka á borð við greind, skap, lund, óþekkt, agi, hlýðni, forvarnir o. fl.

Áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda og samvinnu við skipulagningu og upplýsingaleit.

Nemendum er ætlað að kynna niðurstöður sínar hver fyrir öðrum. Námsefnið er sveigjanlegt og því geta nemendur haft ráðrúm til að leggja áherslur á þá þætti sem þeir telja áhugaverðasta hverju sinni.

#### Markmið:

- Að nemendur kynni sér ákveðna áhrifaþætti í uppeldi bæði jákvæða og neikvæða.
- Að nemendur kynni sér stofnanir sem hafa eftirlit og umsjón með uppeldi barna á Íslandi.
- Að nemendur öðlist innsýn í starfsemi helstu uppeldisstofnana í samféluginu.
- Að nemendur þjálfist í verkefnavinnu, bæði sem einstaklingur og sem hluti af hóp.

#### Námsgögn:

Guðrún Friðgeirs dóttir og Margrét Jónsdóttir: *Uppeldi, kennslubók fyrir framhaldsskóla*, 2006. Mál og menning. Kaflar: 6 - 12.

Annað kennsluefni afhent í tíma...

#### Ætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
33	Kynning á áfanga og vangaveltur – Hugtök Kynning á ritgerðarefnum	Verkefni
35	6. kafli: Listir í lífi barna og barnamenning 7. kafli: Barnateikningar	Pátttaka í rannsókn
36	Börn og heimspeki 8. kafli: Börn og bækur	Verkleg verkefni + umræður Teiknimyndasögur

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 07
Dags.: 08.04.2010
Höfundur: GLÁ
Samþykkt: HJS
Síða 2 af 3

## Verkmenntaskólinn á Akureyri

### Uppeldisfræði 203 (UPP203) Kennsluáætlun (Haustönn 2010)



37	9. Kafli: Börn og fjöлmiðlar	Tilraun + umræður
38 - 39	Stofnanir sem hafa eftirlit og umsjón með uppeldi barna á Íslandi. Finna fyrirlestrarefni.	Fyrirlestur
40 - 41	Kynning á ritgerðarefni	
42	12. kafli: Áföll og kvíðavaldar í lífi barna	Utanaðkomandi fyrirlestur
43	Skólastigin – námskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla  Könnun úr völdu námsefni	Könnun
45	Óþekkt, agi og forvarnir...	Verkefni
45	10. kafli: Leikir og leikföng og 11. kafli: Börn og íþróttir	Gestir
46 - 47	Ritgerðarvinna, kynning og málstofa	Kynning á ritgerð og umræður stjórnað af nemendum

**Með fyrirvara um breytingar.**

#### Námsmat og vægi námsþáttar:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Vinnubók	Tímaverkefni	20%
Fyrirlestur	Fyrirlestur um ákveðnar stofnanir/úrræði samfélagsins fyrir börn og unglings og stutt umræða í kjölfarið sem stjórnað er af nemendum	15%
Örritgerð	Stutt kynning á ritgerðarefni	<b>10%</b>
Ritgerð	Ritgerð um tilgreind efni sem viðkoma uppeldi barna og unglings.	<b>20%</b>
Málstofa	Kynning og málstofa sem nemendur stjórna	<b>10%</b>
Könnun	Könnun úr völdu efni	15%
Frammistandaða á önn	Ástundun	10%

#### Vinnubrögð:

- Nemendum er ekki heimilt að nota farsíma í kennslustundum.

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 07
Dags.: 08.04.2010
Höfundur: GLÁ
Samþykkt: HJS
Síða 3 af 3

## Verkmenntaskólinn á Akureyri

### Uppeldisfræði 203 (UPP203) Kennsluáætlun (Haustönn 2010)



- Fartölvur nemenda eru aðeins heimilaðar til notkunar við námið sjálft.

#### Verkefnaskil:

- Verkefni skal vinna af vandvirkni.
- Verkefni skal skila á tilsettum tíma (ekki er tekið við verkefni viku eftir tilsettan skiladag) - einkunn lækkar við hvern dag sem fer framyfir tilsettan skiladag.

#### Mæting:

- Áfanginn er símatsáfangi og því ekki lokapróf þess vegna þurfa **allir** nemendur að mæta í 85% kennslustunda til að geta staðist áfangann.

#### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils